

Skurðaðgerð á ósæð

Sjúkdómar í ósæð sem krefjast skurðaðgerðar eru einkum af tvennum toga. Annars vegar er þrengjandi sjúkdómur í æðinni sem hindrar blóðflæði til ganglima eða líffæra í kviðarholi. Hins vegar víkkandi sjúkdómur þar sem æðaveggurinn gefur eftir, æðin víkkar og gúll myndast. Æðagúlar eru yfirleitt einkennalausir en hætta er á að stórir gúlar rofni og alvarleg blæðing verði. Í ósæðaraðgerðum er gerviað sett í stað veiklaða hluta æðarinnar.

Hreyfing og næring

Gott er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að hreyfa sig daglega, borða næringarríkan mat og taka inn fjölvítamín. Það flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar.

Náttúru- og fæðubótarefni


Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Blóðþynningarlyf

Þeir sem taka inn blóðþynningarlyfið hjartamagnýl (magnýl) eiga að halda því áfram fram að aðgerð. Hætta ber töku annarra blóðþynningarlyfja í samráði við lækni æðaskurðeildar.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun er skaðleg æðum, minnkar langtíma árangur æðainngripa og eykur líkur á fylgikvillum eftir aðgerð svo sem lungnabólgu, sýkingu í skurðsvæði og að skurðsár grói seint. Nauðsynlegt er að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þó er eindregið mælt með að hætta allri tóbaksnotkun til frambúðar.



Hjúkrunarfræðingur hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“, veitir aðstoð við að hætta og eftirfylgni í 12 mánuði. Netfang ráðgjafarþjónustu er www.8006030.is og sími 800 6030. Starfsmenn spítalans geta aðstoðað við að panta ráðgjöf. Einnig er bent á www.reyklaus.is og www.landlaeknir.is.

Aðstæður heima

Ef þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á göngudeild skurðlækninga B3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi. Æskilegt er að hafa aðstandanda með í innskrift. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Þar fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, lækni æðaskurðdeildar, svæfingalækni og lækna annarra sérgreina ef þörf er á. Spurt verður um heilsufar, gerð lækni skoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki um 3 – 4 klukkustundir og fyrir hana þarf að greiða.

Rannsóknir

Ýmsar rannsóknir eru gerðar fyrir aðgerðina til undirbúnings svo sem blóðrannsókn, hjartalínurit, fráblástursmæling á lungum, lungnamynd og stundum hjartaómun.

Sjúkraþjálfun

Öndunar- og fótæfingar ásamt hreyfingu eru mikilvægir þættir í bataferlinu. Sjúkraþjálfari kennir æfingar fyrir og eftir aðgerðina og aðferðir við að fara fram úr rúmi.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur í innskriftarviðtali hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Klukkan 18 kvöldið fyrir aðgerð: Byrja að drekka sérstaka undirbúningsdrykki sem afhentir voru í innskriftarviðtali (alls 800 ml). Fá sér aukabita áður en farið er að sofa.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te. Tveimur klst. fyrir áætlaðan

aðgerðartíma á að drekka sams konar undirbúningsdrykki (alls 400 ml) og kvöldið áður samkvæmt leiðbeiningum.

- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

Sturta með sótthreinsandi sápu

Til að minnka hættu á sýkingu í skurðsári er nauðsynlegt að fara í sturtu bæði kvöldið fyrir aðgerð og að morgni aðgerðardags. Í bæði skiptin þarf að nota sérstaka sótthreinsandi sápu sem er afhent í innskriftarviðtali. Ekki má nota svitalyktareyði, krem, föðunarvörur, naglallak, ilmfeni eða skartgripir eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fótum.

Annar undirbúningur

Gott er að hafa með á spítalann snyrtivörur, tannbursta, inniskó, slopp, þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta með sótthreinsandi sápu

Áður en komið er á spítalann þarf að fara aftur í sturtu og nota sótthreinsandi sápu, eins og lýst er að ofan.

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi að morgni aðgerðardags.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf og slakandi lyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur um fjórar klukkustundir. Á skurðstofu eru settir upp æðaleggir sem notaðir eru við lyfja- og vökvagjöf. Oftast er lögð utanbastsdeyfing (mænudeyfing) sem höfð verður í aðgerðinni og fyrstu dagana á eftir til verkjastillingar. Gerður er skurður frá bringubeini að lifbeini. Gerviað er sett í stað veiklaða hluta ósæðarinnar. Ef æðar í grindarholi eru veiklaðar getur þurft að tengja niður á æðar í nára og eru þá einnig gerðir skurðir þar.

Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað. Gott er að hafa einn aðila úr fjölskyldunni sem tengilið við sjúkrahúsið.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð tekur við dvöl á gjörgæslu í 1-3 daga. Margir þurfa stuðning öndunarvélar fyrst eftir aðgerð. Aðstandendaherbergi er framan við gjörgæsluna og nánustu aðstandendur mega heimsækja sjúkling í samráði við starfsfólk gjörgæslunnar. Eftir dvöl á gjörgæslu flyst sjúklingur á legudeild.

Verkir

Verkjameðferð er utanbastsdeyfing (mænudeyfing). Sjúklingur metur styrk verkja samkvæmt verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við þeim. Markmið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir			Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir		Gríðarlegir verkir

Öndun

Súrefni er gefið eftir þörfum. Öndunaræfingar eru nauðsynlegar til að minnka hættu á lungnabólgu og mikilvægt er að gera þær eftir leiðbeiningum sjúkrapjálfa.

Þvagleggur

Þvagleggur er settur í aðgerðinni til að fylgjast með þvagútskilnaði og er hann fjarlægður eins fljótt og hægt er til að minnka hættu á þvagfærasýkingu, yfirleitt 2-3 dögum eftir aðgerð. Þegar búið er að fjarlægja þvaglegginn getur borið á þvagtrengðu og því mikilvægt að láta vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Matur og drykkur

Vökvi er gefinn í æð fyrstu dagana. Garnastarfssemi getur orðið hæg eftir aðgerð og einstaklingsbundið er hve fljótt það gengur yfir. Því er fylgst með garnahljóðum og því hvenær loft og hægðir koma niður. Læknir metur hvenær má byrja að borða og drekka eftir aðgerðina, en yfirleitt er byrjað að dreypa á vatni. Matur og drykkur er síðan aukinn í þrepum eftir þoli. Tyggigúmmi getur flýtt fyrir að garnastarfssemi komist í gang. Því er hvatt til notkunar tyggigúmmis þrisvar á dag í 30 mínútur í senn. Oft ber á lystarleysi fyrstu vikurnar eftir aðgerð og því er mikilvægt að hugsa vel um mataræðið og jafnvel drekka næringardrykki.

Skurðsár

Skurðsár er langsum á kvið frá bringubeini að lífbeini og stundum eru einnig skurðir í nára. Húð er lokað með málmheftum sem eru fjarlægð 10 - 14 dögum eftir aðgerð.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og minnka hættu á blóðsegamyndun. Flestir mega setjast í stól daginn eftir aðgerð og aðstoðar starfsfólk deildar og sjúkrapjálfi sjúkling við að fara framúr þar til hann er sjálfbjarga. Mikilvægt er að gera fótæfingar og breyta um stöðu í rúminu þess á milli.

Andleg liðan

Búast má við breytingum á andlegri liðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um liðan þeirra. Einnig er hægt að fá viðtal við prest, djákna eða sálfræðing.

Fylgikvillar

Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerðina, getur það lengt sjúkrahúsdvölinu. Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis sýking í skurðsári, blæðing í skurðsvæði, skert blóðflæði til fótleggja, tímabundin garnalömun og skert blóðflæði til garna.

Útskrift

Útskrift er áætluð 7 - 10 dögum eftir aðgerð.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu.
- Rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum.
- Endurkomutíma hjá æðaskurðlækni.
- Útprentað lyfjakort með lista yfir þau lyf sem á að taka.

Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga B3 (innskrift)	543 2060
Dagdeild A5, opin virka daga frá klukkan 7 til 22	543 7570
Æðaskurðdeild A4	543 7354
Gjörgæsludeild	543 7650
Ritari æðaskurðeildar	543 7464

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
DESEMBER 2019
LSH-628

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI
ÆÐASKURÐEILDAR

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD

Skurðaðgerð á ósæð

Útskriftarfræðsla

Verkir

Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Lyfseðill er sendur rafrænt í apótek.

Mataræði

Ekki er þörf á að breyta mataræði vegna aðgerðar, en mikilvægt er að borða hollan mat til að byggja upp líkamann eftir aðgerðina. Oft er lystarleysi lengi til staðar eftir aðgerð og þá getur verið gott að borða oftari en minna í einu. Hægt er að kaupa næringardrykki í apótekum. Gott er að taka inn lýsi og vítamín. Upplýsingar um næringu má finna á vef Lýðheilsustöðvar; www.lydheilsustod.is/naering.

Þvaglát og hægðir

Mikilvægt er að halda hægðum mjúkum og koma í veg fyrir hægðatregðu, sérstaklega hjá þeim sem enn taka sterk verkjalyf. Mælt er með að borða trefjaríka fæðu svo sem ávexti, grænmeti og gróft brauð, og drekka sveskjusafa einu sinni til tvisvar á dag. Einnig má nota hægðamykjandi mixtúru sem fæst í lyfjaverslun án lyfseðils. Ekki ættu að verða breytingar á þvaglátum vegna aðgerðarinnar.

Skurðsár / bað

Fylgjast þarf með útliti skurðsárs með tilliti til roða, bólgu og vessa. Óhætt er að fara í sturtu en forðast að nudda sárin. Ekki er ráðlagt að fara í baðkar eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að ár eftir aðgerð. Hefti og saumar í skurðsárum verða fjarlægðir í endurkomutíma hjá lækni ef ekki er búið að því fyrir heimferð.

Hreyfing

Einstaklingsbundið er hversu langan tíma tekur að jafna sig. Oft tekur um 2-3 mánuði eða jafnvel lengur að ná fyrri þrótti. Forðast þarf áreynslu í 6-8 vikur eftir aðgerð og varast að lyfta eða bera þunga hluti (yfir 5 kg) t.d. innkaupapoka í þann tíma. Nauðsynlegt er að hreyfa sig daglega og eru gönguferðir góður kostur. Gott er að skipuleggja hreyfinguna og auka hana smám saman. Hægt er að fá rágjöf og leiðsögn hjá sjúkrahjálfa varðandi áframhaldandi þjálfun og uppbyggingu eftir aðgerðina.

Preyta

Búast má við þreytu og úthaldsleysi næstu vikurnar. Gott er að ná a.m.k. 6-8 klst.

nætursvefni og hvíla sig yfir daginn ef þörf krefur. Góð næring, hreyfing, slökun og verkjameðferð getur dregið úr þreytu.

Kynlíf

Almennt má byrja að stunda kynlíf aftur þegar fólk er tilbúið til þess, en ráðlegt er að varast beinan þrýsting á skurðsvæðið. Aðgerð á ósæð getur haft áhrif á kyngetu, t.d. orsakað vandamál við sáðlát. Einnig geta einkenni svo sem kvíði, úthaldsleysi og verkir haft áhrif á kynlífsvirkni. Ef vandamál verða viðvarandi er best að ræða þau í endurkomu hjá lækni.

Andleg líðan

Sumir finna fyrir kvíða og óöryggi þegar þeir útskrifast. Oft hjálpar að tala um andlega líðan við sína nánustu og vera óhræddur við að spyrja fagfólk um það sem veldur áhyggjum. Aðferðir eins og tónlist, slökun og hreyfing geta dregið úr andlegri vanlíðan, en ef kvíði og drungi verða viðvarandi er um að gera að leita aðstoðar heimilislæknis.

Heimilisaðstoð

Félagsleg heimajónusta er í boði fyrir þá sem þurfa eftir aðgerðir. Upplýsingar má fá í síma 411 1111 eða á heilsugæslustöð.

Vinna

Ákvörðun um hvenær óhætt er að byrja aftur að vinna er tekin í endurkomutíma hjá lækni og vottorð vegna fjarvista afgreidd.

Hafa þarf samband við æðaskurðlækningadeild ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Roði eða bólga er við skurðsár
- Blæðir eða vessar úr skurðsári
- Vandamál eru með þvaglát
- Viðvarandi ógleði eða uppköst
- Versnandi verkir, sár eða litabreytingar á fótum
- Andþyngsli, uppgangur eða mæði

Í flestum öðrum tilfellum er best að leita til heilsugæslu.

Í bráðatilvikum er leitað á bráðamóttöku eða hringt í 112

Símanúmer

Æðaskurðlækningadeild A4

543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

Verkir

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

Verkjalýf

Taka á verkjalýf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalýf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir áður en lyfin eru tekin. Erfiðara er að ná stjórn á verkjum ef þeir verða slæmir. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalýf séu tekin reglulega má taka verkjalýf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalýfja (t.d. tramadol, oxycodone). Síðan er dregið úr töku annarra verkjalýfja. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalýfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

Verkjalýf tekin reglulega: Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið? Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?	Viðbótar-verkjalýf: Lyf: Skammtur: Hversu oft má taka lyfið?
---	--

Algengar aukaverkanir verkjalýfja

Aukaverkanir eru mismunandi eftir lyfjum. Algengt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga. Ekki er víst að allir finni fyrir þessum einkennum.

Hægðatregða: Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um það bil 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalyf án lyfseðils í apóteki. Aðrar ráðleggingar geta átt við þegar um er að ræða skurðaðgerð á ristli.

Magaþægindi: Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólk sem hefur fengið magasár eða magabólgur þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalýf eru notuð.

Slævandi áhrif: Sum verkjalyf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

Önnur verkjameðferð

Aðferðir sem hafa reynst vel eru slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni. Ekki er æskilegt að nota heita eða kalda bakstra á skurðsár meðan það er að gróa.

Hafa þarf samband við deildina ef eftirfarandi einkenna verður vart:

- Ef verkir eru slæmir þrátt fyrir töku verkjalyfja
- Ef aukaverkanir koma í veg fyrir að hægt sé að taka lyf
- Ef ofnæmisviðbrögð koma fram (kláði, útbrot, öndunarerfiðleikar)
- Ef mikill sljóleiki er til staðar